

From: Jónas Yngvi Ásgrímsson
Sent: Mon, 21 Aug 2023 08:40:37 +0000 (GMT)
To: Haraldur Þór Jónsson
Subject: Salerni við tjaldstæði í Brautarholti

Sæll Haraldur,

Í framhaldi af símtali okkar í gær sendi ég þér eftirfarandi erindi.

Eins og fram kom í símtali okkar þá er ég að vinna í breytingum á sumarbústaðarlandi okkar hjónanna í landi Skeiðháholts. Hús sem er á landinu er ekki nothæft sem bústaður og því erum við að breyta þannig að við getum notað landið með hjólhýsi/um. Til að það megi vera sem skemmtilegast höfum við velt fyrir okkur leiðum til að hafa salerni á svæðinu. Sl. laugardag var ég að röлта um Brautarholt og þegar ég sá salernin sem höfðu verið notuð á tjaldsvæðinu, datt mér í hug hvort ég gæti falast eftir þeim. Í raun þarf ég bara annað en ég get auðveldlega fundið not fyrir bæði og gæti notað hitt fyrir sturtu og geymslu fyrir áhöld o.fl.

Vinsamlegast skoðaðu málið og ég er tilbúinn til að gera það sem gera þarf með litlum fyrirvara.

Peace and Love

Jónas Yngvi Ásgrímsson
sími: 897 5666
netfang: jonasy@simnet.is